

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 235/2012

2013/EES/18/31

frá 31. desember 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 347, 15.11.2012, bls. 43.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 784/2012 frá 30. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 í því skyni að skrá uppboðsvettvang, sem Þýskaland tilnefnir, og leiðréttta 7. mgr. 59. gr. ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/498/ESB frá 17. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 347, 15.11.2012, bls. 43, fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2013 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 1. janúar 2013.
- 5) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21ala (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010):
„– **32012 R 0784**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 784/2012 frá 30. ágúst 2012 (Stjtið. ESB L 234, 31.8.2012, bls. 4)“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21alb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB) og lið 21alc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB):
„– **32012 D 0498**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/498/ESB frá 17. ágúst 2012 (Stjtið. ESB L 241, 7.9.2012, bls. 52)“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21apf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012):
„21apg. **32012 R 0601**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 347, 15.11.2012, bls. 43.“
4. Texti liðar 21am (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB) falli brott frá og með 1. janúar 2013.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 234, 31.8.2012, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 241, 7.9.2012, bls. 52.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 601/2012, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 347, 15.11.2012, bls. 43, og (ESB) nr. 784/2012 og ákvörðunar 2012/498/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.